

Ársskýrsla 2017



Ársskýrsla SÍMEY 2017

Útgefandi:

SÍMEY · www.simey.is
Þórsstíg 4 600 Akureyri

Ábyrgðarmaður:

Valgeir Magnússon

Umsjón:

Fremri Almannatengsl

Hönnun & umbrot:

Ásprent · www.asprent.is

Prentun:

Stell · www.stell.is

Myndir:

Daníel Starrason,
Óskar Þór Halldórsson og
ýmsir starfsmenn SÍMEY

Ávarp stjórnarformanns:

Miðstöð menntunar

„Hratt flýgur stund“ eru gömul og ný sannindi. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar nálgast óðfluga þau merku tímamót að ná tvítugsaldri. Nítjándi starfsárið er hafið og stöðin því löngu búin að „slíta barnskónum“ svo gripið sé til annars orðtaks. Á þeim 18 árum sem liðin eru hafa orðið miklar breytingar á starfsemi – í takti við breytingar í þjóðfélaginu – en fyrst og fremst hefur hún eflst frá ári til árs.

Ársreikningur SÍMEY fyrir árið 2017 sýnir að sem fyrr eru námskeiðstekjur um það bil tveir þriðju hluta heildartekna miðstöðvarinnar en tekjur vegna rekstrarsamninga og verkefna koma þar á eftir.

Segja má að stóra breytingin í rekstri SÍMEY síðastliðin 2-3 ár sé sú að mjög hefur dregið úr aðsókn í bóklegt nám og því hefur aukin áhersla verið lögð á starfstengt nám og nám í skapandi greinum og tækni. Ennfremur er raunfærnimat, hæfnigreiningar og náms- og starfsráðgjöf veigamiklir og vaxandi þættir í starfsemi. Samstarfið við atvinnulífið hefur vaxið enn frekar í gegnum þessa þætti og hefur aldrei verið eins mikið og á síðasta starfsári. Rúmlega þrjú þúsund þátttakendur segja sína sögu um umfangið. Það hefur nær tvöfaldast á milli ára, sem er eftirtektarvert.

Þau námskeið og fyrirlestrar sem mest var sóst eftir snúast, eins og árið á undan, um samskipti og líðan á vinnustað. Æ fleirum stendur nú til boða að þróa sig áfram í starfi innan fyrirtækis og taka smám saman við stærri og meira krefjandi verkefnum þar. Þetta er ánægjuleg þróun. Margt bendir til þess að þeim einstaklingum, sem hafa mestu aðlögunarhæfnina til að takast á við breytingar í starfi, farnist best á vinnumarkaði. Sameiginlegt verkefni atvinnulífsins, SÍMEY og annarra menntastofnana felst því m.a. í að finna leiðir til að virkja aðlögunarhæfni fólks á vinnumarkaði og auka hana eftir fremsta megni. Það er spennandi viðfangsefni.

Nú stendur yfir endurskoðun á lögum um framhaldsfræðslu fullorðinna. Sú endurskoðun er í höndum menntamálaráðuneytisins en margir koma að því verki. Ég fagna því að í þeim hópi er Valgeir Magnússon, framkvæmdastjóri SÍMEY. Ég er viss um að starf hópsins mun leiða til nokkurra breytinga á lögum og að þær breytingar verði til góðs.

Á ársfundi SÍMEY fyrir árið 2016 urðu þrjár breytingar á stjórn. Þau Eyjólfur Guðmundsson, Hlynur Már Erlingsson og Hrund Hlöðversdóttir viku úr stjórninni og vil ég nota tækifærið og þakka þeim kærlega fyrir samstarfið. Jafnframt býð ég nýja stjórnarmenn velkomna og þakka stjórninni allri ánægjulegt og gott samstarf síðastliðin tvö ár. Síðast en ekki síst vil ég, fyrir hönd stjórnarinnar, þakka starfsfólki SÍMEY vel unnin verk sem og þeim stóra hópi sérfræðinga sem vinnur með SÍMEY við kennslu, þjálfun, raunfærnimat og þróunarvinnu.

Ég hef oft sagt það í ræðu og riti að meginhlutverk SÍMEY sé tvíþætt: Annars vegar að framfylgja lögum um framhaldsfræðslu fullorðinna af kostgæfni og hins vegar að auka almenna lífsleikni fólks, innan og utan vinnumarkaðar. Sóknarfærni á sviði sí- og endurmenntunar eru enn sem fyrr mörg og hafa kannski aldrei verið fleiri. Þau þurfum við að nýta. Þannig mun Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar standa undir nafni sem MIÐSTÖÐ menntunar í sínu héraði.



Arna Jakobína Björnsdóttir.

Akureyri, 20. apríl 2018,
Arna Jakobína Björnsdóttir

1. Starfsemin á árinu

Inngangur

Árið 2017 var átjándi starfsár Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar (SÍMEY) en í ársskýrslunni er gerð grein fyrir starfsemi miðstöðvarinnar á árinu, fræðsluframboði, samstarfsaðilum og öðrum helstu verkefnum.

Skýrslan er í fimm köflum. Hún hefst á kafla sem fjallar um starfsemina á árinu. Gerð er grein fyrir hverjir sitja í stjórn og hverjar starfa hjá miðstöðinni, húsnaði og fjárhag SÍMEY. Á eftir fylgir kafla um helstu samstarfssamninga og verkefni. Í þriðja kaflanum er greint frá tímabundnum verkefnum og þróunarstarfi. Í fjórða kaflanum er fjallað um fræðslustarf ársins í máli og myndum og skýrslan endar svo venju samkvæmt á samantekt.

Dagleg starfsemi

Miðstöðin er sjálfseignarstofnun sem starfar á sviði fullorðinsfræðslu með það að markmiði að efla símenntun í Eyjafirði og auka samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífs á svæðinu og bjóða einstaklingum hagnýta og fræðandi þekkingu á öllum skólastigum. Einnig er markmið SÍMEY að veita ráðgjöf til fyrirtækja um símenntun og einstaklingum náms- og starfsráðgjöf.

Daglegri starfsemi má í mjög grófum dráttum skipta á eftirfarandi hátt:


- Dagleg umsjón með námskeiðum og þjónusta við námskeið sem eru í gangi.
- Kynningar á starfsemi og símenntunarframboði SÍMEY.
- Miðlun náms og námskeiða annarra fræðsluaðila, m.a. á framhalds- og háskólastigi.
- Skipulagning, hönnun og þróun nýrra námskeiða
- Náms- og starfsráðgjöf.
- Þjónusta við atvinnulíf: Markviss þarfagreiningar, markþjálfun og ráðgjöf til stjórnenda varðandi mannauðsmál og starfsþróun.
- Samskipti og þjónusta við fræðsluaðila.
- Umsjón með fyrirtækjaskólum.
- Raunfærnimat.
- Hæfnigreiningar.
- Dagleg umsjón með námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

- Upplýsingamiðlun í gegnum heimasíðu miðstöðvarinnar og samfélagsmiðla á borð við Facebook.
- Innsláttur og úrvinnsla gagna í nemendabókhalda SÍMEY.
- Þróunarverkefni: Hæfnigreiningar og þróun nýrra námskráa.
- Ýmis sérverkefni.

Skipurit og stjórn SÍMEY

Í stjórn SÍMEY eiga sjö fulltrúar sæti. Þeir eru tilnefndir af menntastofnunum, stéttarfélögum, atvinnurekendum, Akureyrarbæ og öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð. Stjórnarmenn SÍMEY, sem kosnir voru til tveggja ára á ársfundi 15. maí 2017, eru:

Aðalstjórn	Fyrir hönd
Stjórnarformaður: Arna Jakobína Björnsdóttir	Opinberra stéttarfélagi
Stjórnarmenn: Jón Már Héðinsson Hugrún Hjörleifsdóttir Anna Júlíusdóttir Sverrir Gestsson Axel Grettisson Halla Margrét Tryggvadóttir	Fræðslustofnana Opinberra fyrirtækja Almennra stéttarfélagi Almennra fyrirtækja Sveitarfélagi við Eyjafjörð Akureyrarbæjar
Varastjórn	Fyrir hönd
Hjördís Sigursteinsdóttir Eyjólfur Guðmundsson Ingimar Eydal Halldór Óli Kjartansson Anna María Kristinsdóttir María Albína Tryggvadóttir Hlynur Már Erlingsson	Opinberra stéttarfélagi Fræðslustofnana Opinberra fyrirtækja Almennra stéttarfélagi Almennra fyrirtækja Sveitarfélagi við Eyjafjörð Akureyrarbæjar



Starfsemi SÍMEY skiptist í eftirfarandi svið:

- **Afgreiðsla og bókhald:** Tekur á móti viðskiptavinum SÍMEY, sér um símsvörun, ber ábyrgð á eldhúsi og þrifum, auk margbættrar þjónustu við starfsfólk og samstarfsaðila. Sér um reikningagerð og bókhald miðstöðvarinnar.
- **Hús- og tækniúmsjón:** Hefur umsjón með rekstri húsnæðis og tæknimálum miðstöðvarinnar.
- **Verkefnastjórnun/ráðgjöf:** Verkefnastjórar og náms- og starfsráðgjafar miðstöðvarinnar hafa umsjón með skipulagningu lengri og styttri námskeiða fyrir einstaklinga og atvinnulífið í samstarfi við fræðslusjóði, opinbera aðila, fyrirtæki, stofnanir og verkalyðsfélög. Ráðgjafar miðstöðvarinnar vinna að því að veita fólki á öllum aldri ráðgjöf og upplýsingar til að auðvelda ákvarðanatöku vegna náms- og starfsvals. Einnig aðstoða ráðgjafar einstaklinga við að takast á við ýmis verkefni sem tengjast námi og starfsþróun. Ráðgjafar miðstöðvarinnar veita m.a. upplýsingar um nám og störf og aðstoða við að finna námsleiðir og starfsvettvang við hæfi.
- **Námsverið á Dalvík:** Er útstöð frá SÍMEY, rekin í sameiningu miðstöðvarinnar og Dalvíkurbyggðar. Þar starfa verkefnastjóri, náms- og starfsráðgjafi við uppbyggingu námsversins, ráðgjöf og þjálfun, kynningu á náms- og starfsráðgjöf í fyrirtækjum, skipulagningu og umsjón með námskeiðahaldi við utanverðan Eyjafjörð, vinnu með fyrirtækjum að aukinni menntun og fagþekkingu starfsmanna auk þess sem starfsmaðurinn þar kemur að ýmiss konar teymis- og verkefnavinnu með öðrum starfsmönnum SÍMEY.

Starfsmenn SÍMEY

Fyrri hluta ársins voru 11 starfsmenn í u.þ.b. 10 starfsgildum hjá SÍMEY en síðari hluta ársins voru þeir 12 í u.þ.b. 10 stöðugildum. Þeir eru/voru:

Aníta Jónsdóttir, náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri (hóf störf í ágúst).

Anna Lóa Ólafsdóttir, verkefnastjóri, náms- og starfsráðgjafi (lét af störfum í apríl).

Emil Bjarkar Björnsson, verkefnastjóri og náms- og starfsráðgjafi.

Helgi Kristinsson, húsumsjónarmaður.

Helgi Þorbjörn Svavarsson, verkefnastjóri og ráðgjafi.

Ingunn Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi.

Kristín Björk Gunnarsdóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi.

Kristjana Friðriksdóttir, þjónustufulltrúi.



Kristján Sturluson, verkefnastjóri og ráðgjafi (hóf störf í apríl).

Sigrún Björnsdóttir, bókari.

Sóley Guðmundsdóttir, þjónustufulltrúi.

Svanfríður Inga Jónasdóttir, ráðgjafi og verkefnastjóri við utanverðan Eyjafjörð.

Valgeir Magnússon, framkvæmdastjóri.

Til viðbótar við fasta starfsmenn SÍMEY komu um 140 verktakar að starfseminni sem leiðbeinendur/kennarar og sérfræðingar. Þessi hópur er mjög fjölbreyttur og kemur bæði úr atvinnulífinu og skólakerfinu á svæðinu.

SÍMEY hefur innleitt aðferðafræði straumlínustjórnunar (*LEAN management*) og taka fundir og skipulagning mið af þeirri aðferðafræði.

Í starfi SÍMEY er mikið lagt upp úr þekkingaröflun starfsmanna og hefur áherslan í innri fræðslu verið þjálfun í að nota *Office 365*, *Excel* og *Outlook*, sem og á jákvæð samskipti á vinnustað, orkustjórnun og einnig þjálfun í straumlínustjórnun. Einnig hafa starfsmenn SÍMEY verið duglegir í að afla sér þekkingar á ýmsum öðrum sviðum, og má þar nefna:

- Þjálfun í raunfærnimati
- Þjálfun í hæfnigreiningum starfa
- Uppbyggingu náms- og starfsráðgjafar á vinnu- markaði
- Kennslufræði fullorðinna
- Nám fyrir millistjórnendur



Starfsmenn SÍMEY



Valgeir Magnússon
Fræðslustjóri



Sigrún Björnsdóttir
Bókari



Anna Lóa Ólafsdóttir
Náms- og
starfsráðgjafi og
verkefnastjóri
Lét af störfum í apríl



Kristján Sturluson
Verkefnastjóri og
ráðgjafi
Hóf störf í apríl



Aníta Jónsdóttir
Náms- og
starfsráðgjafi og
verkefnastjóri
Hóf störf í ágúst



Sóley
Guðmundsdóttir
Þjónustufulltrúi



Helgi P. Svavarsson
Verkefnastjóri og
ráðgjafi



Kristjana
Friðriksdóttir
Þjónustufulltrúi



Emil Björnsson
Verkefnastjóri og
náms- og
starfsráðgjafi



Svanfríður Inga
Jónasdóttir
Ráðgjafi og
verkefnastjóri við
utanverðan Eyjafjörð



Kristín B.
Gunnarsdóttir
Verkefnastjóri og
ráðgjafi



Ingunn Helga
Bjarnadóttir
Verkefnastjóri og
ráðgjafi



Helgi Kristinsson
Húsumsjón

- DK bókhald
- Skattalagabreytingar
- Námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn
- Námsferðir í aðrar símenntunarmiðstöðvar
- Ráðstefnur og fræðslu í markþjálfun
- Gæðamál
- Núvitund
- Aukinn árangur í markaðsstarfi

Húsnæði og vinnuaðstaða

SÍMEY er í samstarfi við Dalvíkurbyggð og heldur úti starfsemi í Námsverinu á Dalvík, en nú á haustdögum flutti námsverið í nýtt húsnæði í Víkurröst þar sem eru tvær kennslustofur og skrifstofa verkefnastjóra. Einnig hefur SÍMEY afnot af húsnæði Tónlistarskólans í samstarfi aðila og öfugt.

Á Akureyri fer starfsemi SÍMEY eftir sem áður fram að Þórsstíg 4 þar sem eru níu skrifstofur, átta kennslustofur, afgangið, fullbúið eldhús og kaffitorg þar sem nemendur geta haft það gott í matar- og kaffitímum og geta einnig unnið saman. Einnig er námskeiðahald SÍMEY mikið úti í atvinnulífinu, innan fyrirtækja og stofnana. Loks er hluti náms á vegum SÍMEY innan VMA

og má þar nefna opnar smiðjur, Fab-Lab, textílvinnu og málmsuðu.

Fjárhagur

Heildarrekstrartekjur SÍMEY á árinu voru 229,2 milljónir króna. Þar af voru tekjur vegna rekstrarsamninga 36,0 milljónir, 150,4 milljónir voru námskeiðstekjur, 34,4 milljónir voru tekjur vegna verkefna og 8,4 milljónir aðrar tekjur.

Rekstrargjöld voru 223,2 milljónir króna, fjármagnstekjur 2,9 milljónir og jákvæð rekstrarniðurstaða ársins var um 9,0 milljónir króna.



2. Helstu samstarfssamningar og verkefni

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

SÍMEY er einn af samstarfsaðilum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og hefur það samstarf verið mikið á síðustu árum. FA er í eigu Alþýðusambands Íslands (ASÍ), Samtaka atvinnulífsins (SA), Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitir fé til reksturs FA og til Fræðslusjóðs, sem ráðstafar fé til viðurkenndra fræðsluaðila til að mæta kostnaði við námskeiðahald (vottaðar námsleiðir), *náms- og starfsráðgjöf* og *raunfærnimat*.

Hlutverk FA er að vera samstarfsvettvangur ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytis um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtakanna. Markmiðið er að veita



starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

Starfsemin byggir á samþykktum félagsins og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið. FA hefur gert samning við SÍMEY ár hvert og gengur samningurinn út á að bjóða upp á vottaðar námsleiðir, *náms- og starfsráðgjöf*, *raunfærnimat*, þróunarverkefni o.fl.

Meginmarkmiðið með verkefnum þessum er að veita fólki á vinnumarkaði og atvinnuleitendum með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

Náms- og starfsráðgjöf

Hjá SÍMEY starfa tveir náms- og starfsráðgjafar, auk fimm ráðgjafa sem sinna almennri ráðgjöf og verkefnastjórnun.

Verkefni náms- og starfsráðgjafa eru fjölbreytt og þeir sinna margvíslegri þjónustu, einkum ráðgjöf til nemenda SÍMEY. Þeir aðstoða einstaklinga í atvinnuleit, til dæmis með því að bjóða upp á námskeið í *færmöppu- og ferilskrárgerð*. Auk þess bjóða þeir upp á áhugasviðskannanir og halda ýmis námskeið.

Náms- og starfsráðgjafar fylgja þeim sem fara í *raunfærnimat* í gegnum raunfærnimatsferlið. Í upphafi með viðtali þar sem farið er í gegnum styrkleika og hæfni einstaklingsins, þá aðstoða þeir við *færmöppugerð*, auk þess sem náms- og starfsráðgjafi gegnir lykilhlutverki í að styðja einstaklinginn og hvetja hann í ferlinu.

Náms- og starfsráðgjafar sinna einnig kennslu og þarfagreiningu og aðstoða einstaklinga við gerð styrkumsókna í sjóði og til stéttarfélaga. Einnig koma þeir að því að skipuleggja námsleiðir og námskeið og hafa umsjón með stundaskrárgerð. Náms- og starfsráðgjafar taka þátt í hugmyndavinnu og þróunarverkefnum, auk þess að taka þátt í *hæfnigreiningu* starfa.

Þeir sem leita ráðgjafa hjá SÍMEY eru oftast að velta fyrir sér möguleikum á því að ljúka formlegu námi, til dæmis stúdentsprófi eða iðnmenntun. Einnig er töluverð eftirspurn eftir styttra óformlegra námi, sem einstaklingar vilja komast í til þess að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Á árinu fóru ráðgjafar SÍMEY á ýmis námskeið og má þar meðal annars nefna námskeið um ráðgjöf í atvinnulífinu og hafa þeir nýtt hugmyndafræðina sem þar var kynnt til þess að styrkja samskipti sín við fyrirtæki og stofnanir. Í kjölfar námskeiðanna hefur verið lögð aukin áhersla á að styrkja tengsl við fyrirtæki, bjóða þeim upp á ráðgjöf og að nýta þá þjónustu sem boðið er upp á hjá SÍMEY og tala fyrir henni í sínu fyrirtæki.

Þróun *náms- og starfsráðgjafa* ætti einkum að lúta að aukinni *náms- og starfsráðgjöf* í fyrirtækjum þar sem ráðgjöfin ætti að vera eðlilegur hluti af endurmenntun og starfsþróun innan fyrirtækisins. Auk þess er mikilvægt að hlúa vel að þeim einstaklingum sem leita eftir

þjónustu og námi hjá SÍMEY og vilja með því styrkja stöðu sína í leik og starfi.

Raunfærnimat

Raunfærnimat er stöðugt vaxandi viðfangsefni í starfsemi SÍMEY. *Raunfærnimat* gengur út á að fólk með mikla starfsreynslu getur fengið hæfni sína og þekkingu metna á móti námskrá í ákveðnum starfsgreinum.

Áfram var haldið með *raunfærnimat í fisktækni* hjá Samherja á Dalvík og ÚA á Akureyri og fóru 32 starfsmenn í gegnum það og luku samtals um 2.300 framhaldsskólalæiningum. Á haustönn var unnið að því að ná til sjómanna með *raunfærnimat í fisktækni*. *Raunfærnimat í fisktækni og fiskveiðum* var unnið í samstarfi við Fisktækniskólann.

Í samstarfi við Iðuna fræðslusetur fóru 11 í gegnum *raunfærnimat í iðngreinum*. Stærsti hópurinn var í matreiðslu og matartækni.



Samstarf við atvinnulífið

SÍMEY hefur í gegnum árin verið í góðu samstarfi við atvinnulífið í Eyjafirði. Þarfagreiningar innan fyrirtækja og stofnana undir merkjum *Markviss-hugmyndafræðinnar* hafa nýst vel til að aðstoða við gerð fræðsluáætlanana og uppbyggingu starfsþróunar starfsmanna. Slík verkefni hafa gefið mikilvægar tengingar við atvinnulífið sem leitt hefur til frekara samstarfs eins og uppbyggingu fyrirtækjaskóla. Afar gott samstarf hefur verið við fræðslusjóðina sem hafa styrkt *þarfagreiningar* undir merkjum *Fræðslustjóra að láni* sem og fræðsluáætlanir innan fyrirtækja og stofnana.



Á árinu lauk SÍMEY við *þarfagreiningu* innan grunnskóla Akureyrarbæjar, Amtsbókasafnsins og Slíppsins. Jafnframt hófst vinna við tvö stór *þarfagreiningaverkefni*; annars vegar hjá búsetusviði Akureyrarbæjar ásamt tveimur vinnustöðum á fjölskyldusviði og hins vegar hjá stjórnendum Akureyrarbæjar.

SÍMEY er m.a. í samstarfi við grunnskóla Akureyrarbæjar, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Amtsbókasafnið og Slippinn um fræðslu fyrir starfsfólk.

Alls voru haldin 67 námskeið á árinu undir merkjum *fyrirtækjaskóla* eða í beinu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir. Þátttakendur voru alls 3.057.

Hæfnigreiningar á vinnumarkaði

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur það hlutverk samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að skilgreina menntunarfirir markhópsins, m.a. með *hæfnigreiningum* í samstarfi við atvinnulíf og fræðsluáðila.

FA hefur þróað aðferð við *hæfnigreiningar* með virkri aðkomu atvinnulífsins. Niðurstöður *hæfnigreininga* eru svonefndir *starfapróflar* en þeir innihalda skilgreiningu starfsins og hæfnikröfur sem nýtast bæði sem viðmið í námskrám og í *raunfærnimati*.

Greiningaraðferðin byggir á þrepaskiptum hæfniþáttum þar sem búið er að skilgreina á hlutlægan hátt þá persónulegu og faglegu hæfni sem skiptir meginmáli á vinnumarkaði. Unnið er eftir einföldu, skipulögðu ferli og fer greiningin fram á þremur fundum með þátttöku 10-20 manns sem þekkja vel til starfsins.

Á vordögum fengu starfsmenn SÍMEY námskeið í aðferðafræði við *hæfnigreiningar* og var í framhaldi af því sótt um það til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins að fá að taka nokkur störf til greininga, þ.e. þrjú störf í ferðaþjónustu og þrjú í sjávarútvegi. Umsóknin var samþykkt og var þá strax hafinn undirbúningur.

Þau þrjú störf sem sótt var um í sjávarútvegi voru flokksstjóri í fiskvinnslu, gæðaeftirlitsmaður og háseti á ísfisktogara. Stýrihópur var, auk fólks frá SÍMEY, skipaður fólki frá Norlandía á Ólafsfirði, Samherja, Sjómannafélagi Eyjafjarðar, Verkalýðsfélaginu Einingu-Iðju og Gjögri á Grenivík. Fyrir áramót náðist að greina og ganga frá greiningum á tveimur störfum í sjávarútvegi; starfi flokksstjóra í fiskvinnslu og starfi gæðaeftirlitsmanns.

Hvað varðar *hæfnigreiningar* starfa í ferðaþjónustu var ákveðið að byrja á að hæfnigreina starf leiðsögu- manns og sjá hvort að útkoman úr því verkefni yrði fleiri en eitt starf. Gert er ráð fyrir að því verki ljúki á vordögum 2018.

Gæðamál

SÍMEY hefur hlotið evrópsku gæðavottunina EQM. EQM stendur fyrir *European Quality Mark* eða Evrópska gæðamerkið og er gagnsætt matsferli fyrir fræðsluaðila til að meta starfshætti sína út frá viðurkenndum gæðaviðmiðum. EQM tekur mið af gæðum þjónustunnar sem fræðsluaðili veitir, innri gæðastjórnun og verklagsreglum fræðsluaðila og hvernig núverandi starfshættir samræmast viðurkenndum gæðaviðmiðum. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er með samning við sérfræðinga á Íslandi um EQM-úttektir og fer slík úttekt fram árlega.

Íslenska sem annað mál

SÍMEY heldur utan um og skipuleggur *íslensku sem annað mál* fyrir erlenda ríkisborgara á Eyjafjarðarsvæðinu. Haldið var 21 námskeið á Akureyri, Dalvík, Grenivík og í Fjallabyggð á árinu; 9 á vorönn og 12 á haustönn. Á vorönn sóttu 97 nemendur íslenskunám í gegnum hefðbundin íslenskunámskeið sem og námsleiðir FA en þeir voru 129 að haustinu.

Námskeiðin voru langflest 60 kennslustunda löng en sá tímaföldi jafngildir áfangaviðmiðum í námskrá íslensku fyrir útlendinga. Boðið var upp á námskeið á fimm ólíkum getustigum báðar annirnar. Að þessu sinni var boðið upp á námskeið fyrir Pólverja með pólskum kennara á Akureyri og gafst það mjög vel.

SÍMEY fann fyrir aukinni eftirspurn eftir starfstengdum íslenskunámskeiðum og var í öllum tilfellum um erlenda sérfræðinga að ræða, það er að segja að um var að ræða fólk sem vinnur ákveðin hátækni- eða sérfræðingastörf. Þá var boðið upp á sérstök skriftar- og lestrarnámskeið báðar annirnar, ætluð fólki sem kemur



úr öðru málumhverfi en okkar og eru þau námskeið nokkurs konar undanfari almennu námskeiðanna.

Landnemaskólinn var haldinn á Dalvík en það er námsleið sem ætluð er til enn frekari kynningar á því samfélagi sem við lifum í, auk íslenskukennslu.

Fjölmennt

Starfsemin hjá *Fjölmennt* var með svipuðu sniði og fyrri ár. Samstarfið við *Atvinnu með stuðningi* (AMS) hélt áfram, en það snýst um að útvega skjólstæðingum AMS nám sem eflir þá á vinnumarkaði. Ljóst er að námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, *Sterkari starfsmaður*, hentar mjög vel fyrir þennan hóp en sú námskrá lýtur að samskiptum, sjálfstyrkingu og upplýsingalæsi.

Að öðru leyti var starfsemin í gamalgrónum farvegi þar sem námskeið í hreyfingu, sjálfstyrkingu, samskiptum og handverki er uppistaðan. Leitast hefur verið við að draga úr námskeiðum undir hatti *Fjölmenntar* og færa þá þjónustu að einhverju leyti til annarra aðila. Má í því sambandi benda á reiðnámskeið og fótbolta fyrir geðfatlaða. Unnið verður samkvæmt þessari stefnu áfram á árinu 2018. Markmiðið er að sinna betur þeim sem þurfa mikla aðstoð og einstaklingsþjónustu.





Sterkari starfsmaður

SÍMEY og Akureyrarbær hafa lengi átt í samstarfi um menntun starfsmanna bæjarins, þar á meðal starfsmanna fræðsluviðs. Á fyrstu mánuðum ársins 2017 voru greindar þarfir fyrir fræðslu starfsmanna grunnskóla bæjarins annarra en kennara og niðurstöður þeirrar vinnu hafðar að leiðarljósi við skipulag námsins *Sterkari starfsmaður*, sem er ein af námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Í náminu verður annars vegar lögð áhersla á upplýsingatækni og hins vegar samskipti og sjálfstyrkingu. Hluti af verkefninu felst í að náms- og starfsráðgjafi frá SÍMEY býður starfsfólki grunnskólanna upp á ráðgjöf um *Sterkari starfsmann* og mögulegt viðbótarnám.

Sterkari starfsmaður er yfirskrift þriggja anna námsleiðar sem hefst í janúar 2018 fyrir starfsmenn grunnskóla Akureyrarbæjar, aðra en kennara. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar annast skipulagningu námsins í samstarfi við fræðsluvið Akureyrarbæjar og grunnskóla sveitarfélagsins og ber ábyrgð á því í samræmi við hlutverk og verkefni fræðslu- og símenntunarsstöðva.

Námið er alls 100 klukkustundir. Það fer fram í grunnskólunum á skólatíma og mun skipulag skólastarfsins skapa starfsmönnum skólanna svigrúm til þess að sækja námið.

Stökkpallur

SÍMEY býður upp á námsleiðina *Stökkpall* en námið byggir á námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Samstarfsaðilar eru Vinnumálastofnun og Fjölsmiðjan á Akureyri.

Á árinu var boðið upp á *Stökkpall* á vor- og haustönn og samtals brautskráðust 26 nemendur.

Stökkpallur er nám á fyrsta hæfnisþrepi og skiptist í fjóra meginþætti; Markmiðasetningu og sjálfsefningu,

samskipti og samstarf, vinnuumhverfi og vinnustaði og vettvangsnám á vinnustað.

Auk kennara frá SÍMEY kenndu aðrir fagaðilar ákveðna þætti í náminu og einnig komu gestir úr atvinnulífinu og frá verkalyðshreyfingunni og báru fjölbreyttan fróðleik á borð fyrir nemendur. Verkefnastjórar *Stökkpalls* voru Guðfinna Árnadóttir og Sólveig Helgadóttir.

Starfsemin við utanverðan Eyjafjörð

SÍMEY starfrækir námsver á Dalvík. Það hefur lengi verið til húsa í „Gamla skóla“ við Skíðabraut en flutti í september í nýuppgergt húsnæði á neðri hæð Víkurastar. Þar hefur námsverið stóra skólastofu til umræða og aðra litla auk skrifstofu og aðgangs að eldhúsi. Gott samstarf er um húsnæðið við Tónlistarskólann á Tröllaskaga, sem flutti á sama tíma í Víkurröst.

Viðvera á Siglufirði og í Ólafsfirði tengist verkefnum hverju sinni sem og kynningu og markaðssetningu á fræðsluverkefnum sem og einnig vinnu með stofnunum/fyrirtækjum við skipulagningu fræðslu og úrbóta-verkefna. Gott samstarf er við Einingu-Iðju um húsnæði ef á þarf að halda. Á Ólafsfirði hefur SÍMEY getað nýtt sér húsnæði Menntaskólans á Tröllaskaga til námskeiðahalds.

Landnemaskólinn á Dalvík

Á vordögum var boðið upp á *Landnemaskólann* í námsverinu á Dalvík. Námskeiðinu er ætlað að auðvelda fólki af erlendum uppruna aðlögun að íslenskum vinnumarkaði og samfélagi. Í náminu er lögð áhersla á íslenskt talmál og nytsama samfélagsfræði. Námið er ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði, sem hefur ekki íslensku að móðurmáli. Umsjón með náminu hafði Guðný Sigríður Ólafsdóttir. Tíu þátttakendur af þremur þjóðernum tóku þátt í *Landnemaskólanum* og þótti takast vel til.



Fisktækninám á Dalvík og Akureyri

Í framhaldi af *raunfærnimati* í fisktækni á Dalvík vorið 2016 var ákveðið að bjóða upp á nám í *fisktækni* á Dalvík. Námið var skipulagt í samvinnu SÍMEY og Menntaskólans á Tröllaskaga og var í námsverinu á Dalvík, eins og lesa má um í ársskýrslu SÍMEY fyrir árið 2016. Sá nemendahópur sem þá hóf nám hefur haldið áfram og lauk 2. og 3. önn námsins á árinu 2017. Sá hópur mun útskrifast vorið 2018.

Á árinu var aftur boðið upp á *raunfærnimat* á Dalvík meðal starfsmanna Samherja og fóru tíu starfsmenn í *raunfærnimat*. Nokkrir þeirra hófu strax um haustið nám í fisktækni á Dalvík. Á Akureyri fór 21 starfsmaður ÚA í *raunfærnimat* og hóf hluti þeirra nám í *fisktækni* strax um haustið og er námið í húsnæði SÍMEY á Akureyri. Matsaðilar komu frá Fisktækniskóla Íslands.



Smiðjur

Megintilgangur með námi í *Smiðju* er að námsmenn kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu og fjölbreytt tjáningarform.

Viðfangsefnið geta verið fjölbreytt en æskilegt er að *Smiðjan* henti staðbundnum þörfum á vinnumarkaði. Lengd námsins er 80 klukkustundir og það byggir á vottaðri námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Á vegum SÍMEY var boðið upp á þrjár gerðir af *Smiðjum* á árinu, þ.e. *textílsmiðju*, *Fab-Lab smiðju* og tvær mismunandi *málmsuðusmiðjur*.



Fab-Lab smiðja

Á vormisseri bauð SÍMEY upp á tvö 80 klukkustunda námskeið í svonefndri *Fab-Lab smiðju* sem er í húsa- kynnum Verkmenntaskólans á Akureyri og eitt á haustönn. Námið byggir á vottaðri námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Uppbókað var á öll námskeiðin og þátttakendur alls 40.

Á námskeiðunum kenndu Helga Jónasardóttir, vörühönnuður og kennari við listnámsbraut VMA, Halldór Grétar Svansson, þrívíddarhönnuður og Ólafur Pálmi Guðnason, sem kenndi þrívíddarforritun.

Að *Fab-Lab smiðjunni* hafa staðið frá upphafi VMA, SÍMEY, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Akureyrarbær. Auk þess leggur Eyjafjarðarsveit smiðjunni til rekstrarframlag. Stofnsamningur um smiðjuna tekur til áanna 2016 til 2018.

Málmsuðusmiðja

Á árinu var boðið upp á opna *smiðju í málmsuðu*, bæði á vor- og haustönn. Námið byggir á vottaðri námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem er alls 80 klukkustundir.



Á vormisseri var kennd svokölluð *pinnasuða* en á haustönn svokölluð *MIG-MIG-suða*. Báðar smiðjurnar voru vel sóttar. 11 nemendur luku námi úr *pinnasuðu* og 9 úr *MIG-MIG-suðu*.

Textílsmiðja

Á vormisseri héldu þær Soffía Margrét Hafþórsdóttir fatahönnuður og Kristín Þöll Þórsdóttir klæðskeri námskeið sem bar yfirskriftina *Opin textílsmiðja*. Námið byggir á vottaðri námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Meðal efnispáttá á námskeiðinu voru þrykk, sníðagerð, efnisfræði og hugmynda- og hönnunarvinna auk þess sem farið var í heimsókn í hina nýju *Fab-Lab smiðju* í VMA. Tíu konur tóku þátt í náminu sem var alls 80 klukkustundir.



Fræðsla í formi og lit

Í janúar hófst 200 klukkustunda nám undir yfirskriftinni *Fræðsla í formi og lit*. Námið byggir á vottaðri námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem annar tveggja kennara í náminu, Bryndís Arnardóttir – Billa, skrifaði fyrir nokkrum árum. Í námskránni segir að



námið sé ætlað „fólki á vinnumarkaði, 20 ára og eldra, með stutta formlega skólagöngu að baki og sem hefur áhuga á skapandi starfi, hugmyndavinnu, myndgerð, framsetningu og myndlistarsögu.“ Hinn kennarinn í *Fræðsla í formi og lit* er Guðmundur Ármann myndlistarmaður.

Náminu lauk í desember með sýningu nemenda á verkum sem þeir unnu á námstímanum.

Mannlegi millistjórnandinn

Undanfarið hefur fyrirtækjasvið SÍMEY aukið áherslu á að bjóða upp á fræðslu fyrir stjórnendur. Á árinu hóf SÍMEY samstarf við Hagvang um námskeiðið *Mannlegi millistjórnandinn*. Markmiðið er að bjóða nám fyrir stjórnendur og millistjórnendur sem styrkir þá í störfum sínum. Lögð er áhersla á mannlega þáttinn í starfi stjórnandans, mikilvægi þess að þekkja sjálfan sig og fólkið sitt.

Námið samanstendur af fjórum hálf dags vinnustofum og markþjálfasamtali. Vinnustofurnar eru byggðar upp af fyrirlestrum og hagnýtum æfingum. Fjallað er um orkustjórnun, mannauðsstjórnun, samskipti og leiðtogahtutverkið.



Á árinu var námskeiðið haldið bæði að vori og hausti við góðar undirtektir en alls sóttu 30 manns námskeiðið.

Markþjálfun

Á árinu útskrifuðust tveir hópar úr námi í *markþjálfun*, annar á vorönn og hinn að haustinu.

Námið er keyrt í samvinnu við Evolvía ehf. sem er með ACSTH-vottun frá International Coach Federation (ICF) sem þýðir að *ACC-markþjálfanám* og framhaldsnám í *markþjálfun* hjá Evolvía er viðurkennt og uppfyllir öll skilyrði og kröfur ICF.

Námið í SÍMEY er grunnnám í *markþjálfun*, svokallað *ACC-markþjálfanám* og sem fyrr segir luku tveir hópar námi eða alls 17 einstaklingar. SÍMEY hefur á að skipa 4 markþjálfum og býður upp á *markþjálfun* fyrir bæði einstaklinga og hópa. Þá hefur fyrirtækjasvið SÍMEY sett saman *markþjálfun* sem hentar einkar vel fyrir stjórnendur og teymi innan vinnustaða.



Vakinn

Í maí og júní efndi SÍMEY til stuttra og hagnýtra námskeiða fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu. Námskeiðin voru sett upp í samstarfi við Ferðamálastofu undir merkjum *Vakans, gæða- og umhverfiskerfis í ferðaþjónustu*.

Boðið var upp á námskeið í þjónustu og móttöku gesta og svo upp á þjónanámskeið. Á námskeiðinu um þjónustu og móttöku gesta var m.a. farið yfir samskipti starfsmanna og viðskiptavina, þarfir ólíkra hópa viðskiptavina, kvartanir og ábendingar, innritun, uppgjör, persónulegt hreinlæti starfsmanna, vinnuvernd og öryggi og trúnað við gesti. Á þjónanámskeiðinu var m.a. fjallað um umhverfi veitingahúsa, hvernig beri að taka á móti gestum og hvernig beri að kveðja þá, pantanir, vín og drykki, frágang reiknings fyrir viðskiptin, framreiðslu rétta og ábót og mistök – hvernig skuli taka á



mistökum og hvaða heimildir starfsmaður hafi í þeim tilvikum.

Um var að ræða áhugaverð námskeið sem gerður var góður rómur að og mun vonandi nýtast starfsfólki í ferðaþjónustu afar vel, jafnt fyrir þá sem eru nýir í greininni og hafa ekki reynslu af því að starfa í henni og einnig þá sem hafa reynslu af því að starfa í greininni, því aldrei er góð vísa of oft kveðin.

Virkið

SÍMEY á aðild að samningi um þverfaglegt samstarf Vinnumálastofnunar Norðurlands eystra, Akureyrarbæjar (fjölskyldusvið og Ungmennahúsið – Rósenborg), Fjölsmiðjunnar á Akureyri, Sjúkrahússins á Akureyri (geðdeild og BUG-teymið), Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, Virk, Menntaskólans á Akureyri, Verkmenntaskólans á Akureyri, Grófinnar geðverndarmiðstöðvar og Starfsendurhæfingar Norðurlands um að sinna málefnum ungs fólks á aldrinum 16-29 ára.

Verkefnið gengur undir heitinu *Virkið* og er því ætlað að vera vettvangur um samstarf þegar þessi hópur fólks þarf, stöðu sinnar vegna, á þjónustu að halda; þjónustu sem snýr m.a. að atvinnuleit, skólagöngu, endurhæfingu eða annarri meðferð.

Nafn verkefnisins vísar til þess að því er ætlað að hafa ungt fólk í virkni í samfélaginu. Með samningnum er fest á blað með formlegum hætti hvernig skuli bregðast við ef t.d. nemendur hætta námi og hvernig þá er unnt að vísa þeim veginn til virkni á öðrum vettvangi. Að sama skapi er verkefninu ætlað að vísa ungu fólki veginn inn í skólakerfið, hyggist það innrita sig til náms.

Meginmarkmið þessa samstarfs er að:

- Stuðla að bættri almennri þjónustu fyrir ungt fólk á aldrinum 16-29 ára.
- Stuðla að bættri sérhæfðri þjónustu fyrir fólk á aldrinum 16-29 ára.
- Efla þverfaglegt samstarf fagaðila stofnananna til hagsbóta fyrir hópinn.

Símenntun kennara

Á vordögum kallaði SÍMEY saman rýnihóp kennara á starfssvæði SÍMEY og sendi út stutta könnun til skólastjórna til að kanna þarfir kennara fyrir fræðslu og símenntun. Niðurstaðan var sú að talsverð þörf væri fyrir hendi sem og áhugi.

Á haustögum var boðið upp á námskeið fyrir kennara. Námskeið voru haldin um kvíða barna og unglinga, um raddbeitingu kennara og um DAM, díalektíska atferlismeðferð í skólum. Námskeiðin voru vel sótt og ljóst er að áframhald verður á námskeiðsframboði fyrir kennara hjá SÍMEY.



Stiklunámskeið

Á árinu voru haldin tvö *stiklunámskeið*, ætluð leiðbeinendum SÍMEY í fullorðinsfræðslu. Á vorönn kom Hrund Gunnsteinsdóttir og fjallaði um ýmsa grunnþætti skapandi hugsunar og hvers vegna skapandi og gagnrýnin hugsun er að verða ein af helstu hæfniskröfum á vinnu- markaði um allan heim. Gerðar voru æfingar og fjallað um kennslu- og námsaðferðir sem efla skapandi, gagnrýna og þverfaglega hugsun.

Á haustönn var boðið upp á *stiklunámskeið* sem fjallar um hugmyndafræði og leiðir í fullorðinsfræðslu. Námskeiðin voru einkar vel sótt og fengu þátttakendur viðurkenningar að þeim loknum.

Námskeiðsmat

Á árinu kannaði SÍMEY viðhorf einstaklinga sem höfðu sótt vottaða námsleið með því senda *námskeiðsmat* þar sem kannaður var hugur þeirra til námsins. Með slíku mati vildi SÍMEY fá afstöðu einstaklinga til námsins og starfsemi SÍMEY í því skyni að bæta þjónustuna.

Námskeiðsmat var sent til allra þeirra sem sóttu vottaða námsleið á vorönn 2017 og einnig þeirra sem



sóttu vottaða námsleið á haustönn 2017. Svarhlutfall var sambærilegt fyrir báðar annir, eða rétt rúmlega 50%. Skilgreindar voru níu kjarnaspurningar þar sem spurt var á fimm punkta kvarða þar sem 5 er besta/ákjósanlegasta niðurstaðan. Heildarmeðaltal þessara níu spurninga er mjög svipað fyrir báðar annir eða 4,38 á vorönn og 4,42 á haustönn.

Afar ánægjulegar niðurstöður litu dagsins ljós en þannig svöruðu um 96% svarenda á vorönn og allir svarendur á haustönn þeirri fullyrðingu játandi að námið hjá SÍMEY væri gagnlegt. Þá leið rúmlega 97% svarenda vel í náminu á vorönn og rúmlega 94% svarenda á haustönn. Um 92% svarenda voru sammála þeirri fullyrðingu að þeir bæru traust til SÍMEY sem fræðsluaðila og allir svarendur á haustönn voru sammála þessari fullyrðingu. Um 90% svarenda fannst aðstaðan til náms hjá SÍMEY vera góð á báðum önnum. Rétt um 92% svarenda fannst starfsfólk SÍMEY taka vel tillit til þarfa sinna samanborið við rúmlega 97% svarenda á haustönn.

3. Tímabundin verkefni og þróunarstarf

Hæfnisetur ferðapjónustunnar

Þann 21. september var undirritaður samstarfssamningur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins við fjórar símenntunarmiðstöðvar – þar á meðal Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar – um tilraunaverkefni um fræðslu starfsmanna í ferðapjónustu. Framkvæmd samningsins er í höndum *Hæfniseturs ferðapjónustunnar* sem FA vistar. Hinar þrjár símenntunarmiðstöðvarnar sem eiga



aðild að samningnum eru Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Mímir – símenntun og Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi.

Verkefnið hefur það að markmiði að ná til fyrirtækja í ferðaþjónustu með fræðslu og þjálfun af ýmsum toga. Verkferlar verða samhæfðir, aðilar munu skiptast á efni, ráðgjöf og öðru sem að gagni kemur til auka hæfni starfsfólks í ferðaþjónustu og hvernig ná megi til fleiri fyrirtækja í ferðaþjónustu. Í hlut SÍMEY kemur einnig að halda utan um tölulegar upplýsingar um heimsóknirnar og árangur af þeim. Samkvæmt verkáætlun lýkur þessu verkefni að rösku ári liðnu, í október 2018.

Í janúar 2018 var undirritaður samningur um *Hæfnisetur ferðaþjónustunnar* á grundvelli samþykktar Alþingis frá október 2016. Starfsemi þess miðar að því að uppfylla þarfir ferðaþjónustunnar fyrir aukna hæfni og auðvelda fyrirtækjum að fjárfesta í hæfni starfsmanna. Lögð er áhersla á samvinnu við greinina, aðila vinnumarkaðarins, fræðsluaðila og stjórnvöld við að þróa leiðtogafræðslu, námslotur fyrir starfsmenn í ferðaþjónustu, þrepaskipt starfsnám og *raunfærnimat* í starfsgreinum ferðaþjónustunnar.

Sjósókn

Fyrir um tveimur árum var ýtt úr vör verkefninu *Sjósókn* sem að stóð starfsmenntasjóðurinn Sjómennt og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í samvinnu við Iðuna fræðslusetur og fjórar símenntunarstöðvar, þar á meðal SÍMEY.

Verkefnið var fyrst og fremst fólgið í því að bjóða starfandi sjómönnum, sem ekki höfðu lokið framhaldsskóla, upp á *raunfærnimat* í ýmsum greinum sem tengjast sjávarútveginum, námskeið í fiskvinnslu og námsleiðina *Menntastöðir*. Horft var til þess að starfandi sjómenn gætu fengið yfirgripsmikla reynslu og þekkingu metna inn í námið, gætu stundað nám sam-

hliða vinnu, fengið ráðgjöf um hvaða leiðir væru færar fyrir þá um námsval og síðast en ekki síst orðið hæfari starfsmenn.

Um var að ræða tilraunaverkefni og hafði SÍMEY ákveðið frumkvæði í málinu samkvæmt samningi við Sjómennt. Verkefnið skilaði góðum árangri og sýndi fram á mikilvægi þess að gefa sjómönnum kost á að víkka sjóndeildarhringinn og fá upplýsingar um þá kosti sem í boði eru á tímum æ betri fjarskipta.

Fyrsta áfanga verkefnisins lauk á árinu og annar áfangi þess er hafinn, sem af hálfu SÍMEY felst fyrst og fremst í því að vera í sambandi við aðrar símenntunarstöðvar, tala fyrir verkefninu og bjóða fram ráðgjöf og kynningarefni sem getur nýst símenntunarmiðstöðvunum við næstu skref.

Áttin

Á vordögum 2016 gerði SÍMEY samning við verkefnastjórn *Áttarinnar* um að kynna *Áttina* innan markhóps endurmenntunarsjóðanna. *Áttin* er vefgátt sem greiðir leið fyrirtækja að sjóðum og fræðslustofnunum. Sjóðirnir sem standa að *Áttinni* eru IÐAN fræðslusetur, Landsmennt, Menntasjóður Verkstjórasambandsins og SA, Rafiðnaðarskólinn, Starfsafl, Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks og Starfsmenntasjóður verslunarinnar. Ætla má að sjóðirnir nái til um 110-120 þúsund starfsmanna á almenna vinnumarkaðnum eða um 75-80% starfsmanna á þeim vinnumarkaði.

Í tengslum við þennan samning heimsóttu starfsmenn SÍMEY um 60 fyrirtæki á Eyjafjarðarsvæðinu, þar sem vefgáttin var kynnt sem og sú þjónusta sem fyrirtækjum stóð til boða. Þetta samstarf var afar farsælt og skapaði ný tengsl við atvinnulíf á svæðinu.

Verkefninu lauk í mars.

Betri byggðir

Á árinu 2016 unnu SÍMEY og Þekkingarnet Þingeyinga að verkefninu *Dreifðar byggðir – betri byggðir*. Tilgangur þess var að greina tækifæri til atvinnusköpunar á Galmaströnd, Árskógsströnd og í Kelduhverfi. Unnin var viðtalskönnun við íbúa á ofangreindum svæðum til að kanna viðhorf þeirra og framtíðarsýn varðandi atvinnu og búsetu. Í viðtölum komu fram væntingar um eflingu ferðaþjónustu á svæðunum en íbúar sáu ýmis tækifæri sem byggja á sérstöðu svæðisins. Þá komu einnig fram sjónarmið sem tengjast breytingum í landbúnaði til að mynda með sérhæfða framleiðslu á lífrænum afurðum í grænmetis- og kjöttframleiðslu. Sjórinn og strandlínan voru álitin gefa mikilvæg tækifæri. Þá komu fram væntingar um að á grunni þessara auðlinda megi byggja hvers kyns nýsköpun, græna framleiðslu og fullnýtingu afurða.

Fyrir á þessu ári hlutu SÍMEY og Þekkingarnetið styrk úr Uppbyggingarsjóði til að vinna áfram að verkefninu *Dreifðar byggðir – betri byggðir*. Sá hluti byggir á niðurstöðum fyrra verkefnisins að því leyti að unnið verður áfram á grunni þeirra hugmynda að tækifærum sem komu fram í viðtölum við íbúa. Áherslan er á fræðslu, nýsköpun og þróun.

Boðið var upp á vinnustofur þar sem kynntar voru niðurstöður úr viðtalskönnuninni og í framhaldi var kynning frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands um frumkvöðla-stuðning og leiðir til að koma hugmyndum um nýsköpun í framkvæmd. Vinnustofunum lauk með raunhæfum verkefnum við að ramma inn og hrinda í framkvæmd verkefnum á sviði nýbreytni í atvinnumálum.

Verkefninu átti að ljúka með vinnustofu á árinu 2017 en vegna veðurs frestaðist hún fram í janúar 2018 og þótti takast með ágætum að dómi þátttakenda.



Markviss þjálfun

Þegar ráðgjafar SÍMEY vinna með fyrirtækjum og stofnunum við að meta fræðsluþörf, beita þeir gjarnan greiningaraðferð sem nefnist *Markviss*. *Markviss* uppbygging starfsmanna er aðferð til að vinna kerfisbundið að starfsmannaþróun í fyrirtækjum. Með *Markviss* er tekist á við þau verkefni fyrirtækja sem fela í sér skipulagningu menntunar, þjálfunar og annað sem tengist uppbyggingu starfsmanna fyrirtækis eða stofnunar. Þessu skipulagi er síðan fylgt eftir og árangur af verkefninu mældur og metinn eftir því sem tók eru á.

Markviss gefur stjórnendum og starfsmönnum kost á að meta sjálfir þekkingar- og færniþörf fyrirtækisins og skipuleggja uppbyggingu sérhvers starfsmanns í samræmi við það mat. *Markviss* var þróað í Danmörku af samtökum iðnaðarins og hefur verið notað í fyrirtækjum á Íslandi frá árinu 2000.

Reynsla starfsmanna SÍMEY af *Markviss* ráðgjöf er mjög góð og árangursrík í samskiptum við fyrirtæki og stofnanir. Undanfarin ár hafa *Markviss* ráðgjafar SÍMEY tekið að sér að mennta og handleiða verðandi *Markviss* ráðgjafa annarra símenntunarmiðstöðva. Í mars var haldið námskeið/vinnulota í Reykjavík þar sem 14 verðandi ráðgjafar frá 6 símenntunarmiðstöðvum tóku þátt.

Kennarar á námskeiðinu voru þeir Emil Björnsson og Valgeir Magnússon, en Emil er í hópi þeirra fyrstu sem tileinkuðu sér aðferðafræðina í lok síðustu aldar.

Að stilla saman strengi mismunandi skólastiga

SÍMEY gekkst fyrir pallborðsumræðum að loknum aðalfundi sínum þann 15. maí 2017. Yfirskrift pallborðsins var „Fræðslustigin tala saman um nám til eflingar atvinnulífinu“.



Þátttakendur í pallborði voru: Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins; Jón Baldvin Hannesson, skólastjóri Giljaskóla á Akureyri; Sigríður Huld Jónsdóttir, skólameistari VMA; Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri og Valgeir B. Magnússon, framkvæmdastjóri SÍMEY. Stjórnandi pallborðsumræðna var Svanfríður Inga Jónasdóttir, verkefnastjóri SÍMEY við utanverðan Eyjafjörð.

Rauður þráður í máli þátttakenda í pallborði var að margt í núverandi skólakerfi þarfnaðist nýrrar sýnar og uppstokkunar og hvatt var til þess að skólastigin myndu í auknum mæli tala saman og samræma hlutina. Í því fælust mikil sóknarfæri.

Kristján Þór Júlíusson, þáverandi menntamálaráðherra, hlýddi á pallborðsumræðurnar og ávarpaði viðstadda. Hann sagðist lengi hafa fylgst með starfsemi SÍMEY og fullorðinsfræðslu almennt. Hann tók undir og hvatti til þess að skólastigin töluðu saman þannig að verkefnaskipting þeirra væri öllum ljós og skýr.

Alþjóðlegt samstarf

Dagana 3.-6. maí fór Kristín Björk Gunnarsdóttir á ráðstefnu í Jönköping í Svíþjóð. Ráðstefnan var lokaþunktur rannsóknar á fyrirmyndarverkefnum sem varða móttöku innflytjenda á Norðurlöndum. SÍMEY var þátttakandi í rannsókninni vegna aðkomu að móttöku sýrleuskra flóttamanna.

Í kjölfarið var Helga Þorbirni Svavarssyni boðið til Finnlands í lok maí þar sem rætt var með hvaða hætti



hægt væri að tryggja árangursríka móttöku flóttamanna, meðal annars með hliðsjón af áður nefndri rannsókn.

Í október fóru Helgi Þorbjörn og Valgeir Magnússon á tengslaráðstefnu Erasmus í Finnlandi þar sem áhersla var lögð á fræðslustofnanir sem vinna að innflytjendamálum.

Í nóvember fór Helgi Þorbjörn á ráðstefnu um innflytjendamál í Bergen í Noregi sem haldin var af Norrænu ráðherranefndinni.

Að auki tók starfsfólk SÍMEY á móti fjölmörgum erlendum hópum sem vildu kynna sér starfsemi miðstöðvarinnar, m.a. frá Litháen, Ungverjalandi og Noregi.




4. Fræðslustarfið í máli og myndum

Námskeið á árinu

Aukning varð í námskeiðshaldi á milli ára. Alls voru haldin 231 (200) námskeið í fimm flokkum á Akureyri og í Eyjafirði og kenndar nemendastundir voru samtals 60.886 (59.890) klukkustundir.

- Námsleiðir FA, sem eins og nafnið gefur til kynna eru allar vottaðar námskrár frá Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins.
- Fjölmennt, sem eru námskeið á vegum fullorðinsfræðslu fatlaðra.
- Starfstengd námskeið og persónuhæfni er flokkur sem telur námskeið sem annars vegar er ætlað að efla einstaklinga faglega í starfi, ekki síst í tengslum við fyrirtækjaskóla, og námskeið í samstarfi við vinnustaði og hins vegar námskeið sem beinast að því að styrkja og efla einstaklinginn í persónufærni. Einnig námskeið fyrir stjórnendur.
- Íslenska fyrir útlendinga.
- Tólmstundir.



Fjöldi þátttakenda

Alls sóttu 3.924 (2.700) einstaklingar námskeið á vegum SÍMEY á árinu. Að auki nýttu um 800 manns sér aðra þjónustu í tengslum við náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og annað.



Sem fyrr er talsverður kynjahalli í hópi viðskiptavina SÍMEY. Konur eru 70% þátttakenda og karlar 30%. Þetta er álíka hlutfall og árið áður en stöðugt er þó leitast við að rýna námsframboðið með kynjagleraugum og fjölga viðskiptavinum í hópi karla. Merkjja má ákveðna aukningu hvað varðar karlmenn í tengslum við raunfærnimat, t.d. í iðngreinum og fisktækni.

Hvað varðar hlutfall kynjanna í nemendastundum er aukning hjá karlmonnum. Ákveðnar námsleiðir hafa höfðað vel til karlmannna og einnig eru þeir fleiri en konur hvað varðar íslensku fyrir útlendinga og innan fjölmenntar.

Fjöldi nemendastunda

Kenndar nemendastundir eru mælikvarði á umfang fræðslustarfs. Sá mælikvarði fæst með því að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði með fjölda kenndra klukkustunda á sama námskeiði.

Nemendastundum á árinu fjölgaði úr 59.890 í 60.886.




Flokkun þátttakenda eftir kyni

Eins og þegar hefur komið fram eru konur í meirihluta þeirra sem sækja sér sí- og endurmenntun. Kynjaskipting í hverjum námskeiðsflokki um sig er aðeins mismunandi en í öllum tilfellum hafa konurnar þó vinn-inginn, nema í Fjölmennt. Þar eru karlarnir heldur fleiri, hvort heldur litið er til fjölda nemenda eða nemendastunda.

Aldursskipting þátttakenda

Skipting í aldri er mjög jöfn og dreifist á aldursbilið 20-70 ára. Afar fáir þátttakendur eru undir 20 ára aldri enda er sá aldurs hópur ekki markhópur framhaldsfræðslunnar. Það er líka ánægjulegt að sjá nokkra fjölgun á milli ára í aldursflokknum 60-69 ára, annað árið í röð. Í framtíðinni má reikna með fjölgun í þeim aldurs-hópi með hækkandi aldri og auknum skilningi á ævi-menntun.





Fyrirhuguð breyting á persónuverndarlöggjöfinni gerir það að verkum að SÍMEY hefur minni aðgang en áður að persónuupplýsingum þátttakenda. Vegna þessa liggja ekki fyrir upplýsingar um kyn og aldur rúmlega 1.400 þátttakenda í námskeiðum á vegum fyrirtækjasviðs SÍMEY á árinu.

5. Samantekt

Lítill breyting varð í grunnstarfsemi SÍMEY á árinu, hvað varðar úthlutun fjármagns úr Fræðslusjóði framhaldsfræðslunnar í vottað nám og náms- og starfsráðgjöf. Úthlutunin var sambærileg og árið 2016. Aukning varð þó í *raunfærnimati* og er það vel, því þar liggja mörg tækifæri. *Raunfærnimat* hefur afar skjótvirk áhrif á einstaklinga, hefur áhrif á námsþátttöku, sjálfsmynd og hækkun menntunarstigs. Ljóst er SÍMEY getur bætt við sig verkefnum í grunnstarfsemi.

Talsverð áherslubreyting varð í námsleiðum. Minni áhugi var á bóklegu námi í samfélaginu og því var lögð aukin áhersla á brúarnám (starfstengt nám) og skapandi greinar og tækni, svo sem Fab-Lab smiðjur og listnám. Sá möguleiki sem símenntunarmiðstöðvarnar hafa til að aðlaga námsframboð hverju sinni innan fjárúthlutunar er afar jákvætt og gefur tækifæri til að bregðast við ólíkum þörfum hverju sinni.

Áherslan í starfinu er að sinna vel grunnþáttum miðstöðvarinnar; vottuðu námi, *raunfærnimati* og náms- og starfsráðgjöf. Einnig hefur vinna við þróunarverkefni og sér í lagi *hæfnigreiningar* vaxið mikið. Unnið hefur verið að því að ná betur til samfélagsins og atvinnulífs með markvissu kynningarstarfi þar sem bent er á þá möguleika sem felast í samstarfi atvinnulífs og símenntunarmiðstöðvarinnar – hvort sem það felst í

náms- og starfsráðgjöf inni í fyrirtækjum og stofnunum, fyrirtækjaskólum og námskeiðahaldi, eða ráðgjöf við stjórnendur. Samstarf við atvinnulífið hefur vaxið mikið sem sjá má á fjölda þátttakenda og námskeiða.

Á árinu var unnið að því að efla starfstengt nám og samstarf við fyrirtæki og atvinnulíf í tengslum við það. Aukin áhersla var lögð á *raunfærnimat*. Öflugur starfsmannahópur hefur leitt SÍMEY áfram inn á nýjar brautir innan framhaldsfræðslunnar og eru verkefni, sem framundan eru, bæði spennandi og krefjandi.

Stór hópur sérfræðinga vinnur með SÍMEY við kennslu, þjálfun, *raunfærnimat* og þróunarvinnu. Alls koma um 140 aðilar að samstarfi við miðstöðina ár hvert. Um er að ræða kennara framhaldsskólanna og sérfræðinga úr atvinnulífinu en einnig hefur stór hópur aðila úr atvinnulífinu, stéttarfélögum, skólakerfinu og úr markhópi framhaldsfræðslunnar unnið með SÍMEY í þeim verkefnum er snúa að *hæfnigreiningum*, úr ferðaþjónustu og sjávarútvegi. Um er að ræða þverfaglegan hóp fólks úr atvinnulífinu sem hefur komið að þessum stóru verkefnum. Annars vegar eru stýrihópar sem móta stefnu verkefnanna og áherslur en hins vegar eru greinindahópar starfsmanna. Þessi vinna hefur skilað SÍMEY enn sterkari tengingu við hagsmunaaðila, samfélagið og atvinnulífið. SÍMEY á í farsælu samstarfi við skólasamfélagið í Eyjafirði, mismikið þó eftir eðli og starfsemi stofnana.

Eitt af markmiðum SÍMEY er að efla þann hóp sem kemur að kennslu fyrir markhópin og tryggja að í boði verða kennslufræðileg námskeið er tengjast fullorðinsfræðslu, upplýsingatækni, sköpun, kennslufræði fullorðinna, nýsköpun o.fl.

Lokaorð

Rekstrarumhverfi símenntunarmiðstöðvanna er mjög kröfuhart og verkefnatengt en gefur starfsemi mikla tengingu við markhópa framhaldsfræðslunnar. Fyrirhuguð endurskoðun á lögum um framhaldsfræðslu er mikið hagsmunamál fyrir símenntunarmiðstöðvarnar sem starfa innan Kvasis, samtaka 11 fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi, og vonandi fyrir samfélagið allt.

Mikilvægt er að í tengslum við lagasetningu verði mótuð heildræn stefna sem taki mið af framtíðarþörfum og hvernig hægt er að stuðla af nýtingu þess mikla mannauðs sem er að finna innan starfsumhverfis okkar.

